A 1775/tillväxt

Flytjandi Flokkahópur jafnaðarmanna

Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um rafvæðingu Norðurlanda

Tillögur

Flokkahópur jafnaðarmanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórna Norðurlanda

að móta sameiginleg markmið um að efla rafrænar samgöngur milli norrænu landanna með því að koma á fót landsbundnu veganeti (rafmagnsvegum) með hraðhleðslustöðvum (50 kW eða meira);

að efla rafrænar lausnir og skjót umskipti til rafrænna samgangna í opinberum innkaupum;

að hefja vinnu að því að samræma kostnað og greiðslulausnir vegna hleðslustöðvanna.

Aðdragandi

Aðildarríki ESB hafa náð samkomulagi um að varna því að meðalhiti jarðar hækki um meira en sem nemur tveimur gráðum, miðað við hitastig fyrir iðnvæðingu. Verði þessu markmiði ekki náð gætu afleiðingarnar orðið alvarlegar. Helsti valdur að losun koltvísýrings á Norðurlöndum og annars staðar í heiminum í dag er brennsla á jarðefnaeldsneyti, svo sem kolum, olíu og gasi. Jarðefnaeldsneyti er einkum brennt við raforkuframleiðslu og kyndingu en einnig til þess að knýja samgöngutæki. Nauðsynlegt er að draga úr losun koltvísýrings frá bílum. Samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem framkvæmd var við Vrije Universiteit í Brussel árið 2015 eru rafbílar umhverfisvænasti samgöngukosturinn. Við eigum að beita okkur fyrir því að allar samgöngur verði útblásturslausar í framtíðinni.

Eftirfarandi ávinningur yrði af því að efla rafvæðingu í vegasamgöngum:
1) Mikilvægasta markmiðið er að draga úr losun koltvísýrings í samgöngugeiranum. Losun koltvísýrings af völdum raforkuframleiðslu á Norðurlöndum er þegar afar lítil. Rafvæðing samgangna yrði því mikilvægt skref í baráttunni gegn loftslagsbreytingum.
Á síðasta ári var losun koltvísýrings vegna raforkuframleiðslu í Finnlandi sú minnsta síðan mælingar hófust, eða 89 g/kWh. Til samanburðar er áætluð losun koltvísýrings við akstur rafbíls um 18 g/km. Með minnkandi losun mun einnig draga úr áætlaðri

losun af völdum rafknúinna farartækja, án þess að farartækjum verði skipt út. Auk þess er hægt að hlaða rafbíla með losunarfríu rafmagni, til dæmis sólar- eða vindorku, en áætluð losun koltvísýrings af völdum slíkra orkugjafa er 0 g/km.
2) Í borgum felst vandinn einkum í útblæstri – örfínum svifögnum, köfnunarefnisoxíðum og mörgum öðrum mengungarvöldum sem eru skaðlegir heilsu manna.
3) Samfara aukinni rafvæðingu mun draga úr hávaðamengun af völdum umferðar. Þetta hefur einkum jákvæð áhrif í borgum og á umferðarþungum vegum.

Nóg er af tæknilausnum til að hlaða rafbíla á Norðurlöndum. Stærsti norræni veitandi slíkrar þjónustu er í Finnlandi. Ljóst er að samfara aukinni eftirspurn eftir snjöllum samgöngulausnum eykst einnig eftirspurn á norrænum raforkumarkaði.
Ökutæki með litla losun ætti að vera raunhæfur valkostur fyrir allar fjölskyldur, óháð ráðahag eða búsetusvæði.

Mikið er af opinberum hleðslustöðvum á Norðurlöndum. Gulu punktarnir á kortinu tákna hraðhleðslustöðvar, þar sem hægt að er að hlaða bíl á um 20 mínútum. Grænu punktarnir tákna venjulegar hleðslustöðvar en þar tekur hleðslan nokkrar klukkustundir.

Garði, 9. ágúst 2018

Annette Lind (S)
Erkki Tuomioja (sd)
Eva Sonidsson (S)
Ingalill Olsen (A)
Jorodd Asphjell (A)
Karen J. Klint (S)
Lars Mejern Larsson (S)
Lennart Axelsson (S)
Mogens Jensen (S)
Maarit Feldt-Ranta (sd)
Nina Sandberg (A)
Oddný Harðardóttir (Sf)
Orla Hav (S)
Per-Arne Håkansson (S)
Peter Johnsson (S)
Phia Andersson (S)
Pyry Niemi (S)
Rikard Larsson (S)
Ruth Mari Grung (A)
Stein Erik Lauvås (A)
Suzanne Svensson (S)
Tellef Inge Mørland (A)
Ville Skinnari (sd)